



Valkostir um framtíð grunnnáms
í íþróttá- og heilsufræði við Háskóla Íslands
Greinargerð starfshóps sbr. samþykkt háskólaráðs frá 3.9.2015

Guðmundur R. Jónsson, formaður
Andri Rafn Ottesen
Ástríður Stefánsdóttir
Björg Gísladóttir
Erlingur Jóhannsson
Hafþór B. Guðmundsson
Janus F. Guðlaugsson
Sigurbjörn Árni Arngrímsson
Sigurlaug I. Lövdahl

26. nóvember, 2015



Efnisyfirlit

Samantekt og niðurstaða.....	4
Inngangur og forsaga	5
Aðstöðupörf og forsendur fyrir grunnnámi í íþróttá- og heilsufræði	6
Valkostur 2: Grunnnám í íþróttá- og heilsufræði verði flutt til Reykjavíkur.	7
Valkostur 3: Grunnnám í íþróttá- og heilsufræði verði áfram að Laugarvatni.	9
Samanburður á kostnaði	10
Samtöl við nemendur	12
Samtöl við kennara og sjónarmið þeirra	13
Lokaorð.....	13
Viðauki A.....	14
Viðauki B.....	20
Viðauki C.....	22

Samantekt og niðurstaða

Nemendum í grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði innan Íþrótt-, tómsunda- og þroskaþjálfadeildar á Menntavísindasviði með staðsetningu að Laugarvatni hefur fækkað undanfarin ár. Sem dæmi má taka að skráðum nemendum á námsbrautinni fækkaði um meira en 40% frá árinu 2010 til ársins 2015. Þessi fækkun er þó sambærileg við fækkun nemenda í Kennaradeild Menntavísindasviðs. Fjölgun nemenda er forsenda fyrir því að hægt verði að starfrækja námsbrautina áfram og þróa námið. Til að svo megi verða þurfa nemendur að sjá hag sinn í að velja íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands. Þannig er staðan ekki í dag ef litið er á hvernig nemendafjöldi hefur þróast.

Í greinargerð þessari er farið yfir þá valkosti sem lagðir eru fram í skýrslu um eflingu grunnnáms í íþrótt- og heilsufræði og fjölgun nemenda sem unnin var á yfirstandandi ári að beiðni rektors Háskóla Íslands og kynnt háskólaráði í september sl. Lögð er áhersla á að kanna ítarlega tvo valkostanna, þ.e. að námið verði áfram að Laugarvatni eða verði flutt til Reykjavíkur.

Í erindisbréfi starfshópsins segir m.a. „Í þessu felst að greina faglegar og fjárhagslegar forsendur, staðsetningu og þörf fyrir húsnæði, búnað og aðstöðu.“ Starfshópurinn er sammála um að nægilegt svigrúm sé til að breyta innihaldi og fyrirkomulagi námsins á síðari stigum innan þess ramma sem þarfagreining hópsins á húsnæði og aðstöðu fyrir námið skilaði. Því var ekki farið sérstaklega í að greina þá þætti hér enda má telja að það sé fremur verk námsbrautarinnar, deildarinnar og stjórnar Menntavísindasviðs.

Helstu niðurstöður starfshópsins eru eftirfarandi:

- Í viðtölum við nemendur og kennara kom ítrekað fram sú skoðun að ástæða fækkunar nemenda er lenging námsins úr þremur í fimm ár. Einnig var algengt að bent væri á að markaðs- og kynningarmálum hefði ekki verið sinnt sem skyldi og að ekki hefði verið hlúð nægilega vel að endurbótum og uppbyggingu á aðstöðu að Laugarvatni. Þá töldu nokkrir kennarar að staðsetning skiptu miklu máli varðandi aðsókn í námið.
- Nemendur sem rætt var við og valið hafa námið að Laugarvatni virðast ánægðir þegar á heildina er litið. Í máli þeirra kemur þó fram að skortur sé á valáföngum, meiri áhersla þyrfti að vera á verklegar greinar og kallað var eftir meiri samþjöppun í námi. Búseta nemenda að Laugarvatni er aðallega bundin við 1. og 2. ár.
- Ætla mætti að samlegðarmöguleikar með öðrum fræðigreinum, s.s. í sjúkrapjálfun og matvæla- og næringarfræði, efldust ef námið væri staðsett í Reykjavík og að auki samfella skapaðist á milli grunnnáms og framhaldsnáms í íþrótt- og heilsufræði ef bæði námsstiggin væru til húsa á sama stað, en framhaldsnámið fer nú fram í Reykjavík.
- Skiptar skoðanir eru meðal kennara námsbrautarinnar um staðsetningu námsins. Hið sama á við um hvað leggja beri helst áherslu á faglega. Óvissa um staðsetningu námsins hefur að mati þeirra komið niður á starfseminni og brýnt er að taka ákvörðun sem fyrst um staðsetningu þess. Flestir eru sammála um að endurskoða þurfi uppbyggingu námsins með möguleika á styttri námsleiðum.
- Ef íþrótt- og heilsufræðin flyst til Reykjavíkur er árlegur kostnaður við námið vegna verklegar aðstöðu áætlaður um 16–24 m.kr. án afsláttarkjara og að auki 2 m.kr. ef leigja þarf rannsóknáðstöðu. Ef starfsemin verður áfram að Laugarvatni er hann áætlaður 30–35 m.kr. Miðað er við þær þarfir sem starfshópurinn var sammála um að þyrfti að uppfylla, hvort sem námið væri áfram að Laugarvatni eða í Reykjavík.
- Einskíptiskostnaður er metinn á 15–20 m.kr. ef Reykjavík yrði ofan á en tæplega 300 m.kr. vegna nauðsynlegra endurbóta á mannvirkjum og aðstöðu að Laugarvatni. Í síðarnefndu tölunni er m.a. kostnaður við að fjölga stúdentaherbergjum. Ef verkleg aðstaða ætti að vera fyllilega sambærileg við aðstöðu í Reykjavík yrði kostnaður enn meiri.

Inngangur og forsaga

Síðastliðið vor ákvað rektor Háskóla Íslands að fela nefnd sem skipuð var starfsmönnum í miðlægri stjórnsýslu háskólans að fara yfir málefni grunnnáms í íþrótt- og heilsufræði að Laugarvatni en aðsókn að náminu hefur minnkað umtalsvert undanfarin ár og er ljóst að ekki verður lengur við unað. Nefndin ræddi m.a. við stjórnendur, kennara, fulltrúa nemenda námsbrautarinnar og sveitarstjórnarfólk á svæðinu og skilaði greinargerð til rektors og háskólaráðs.¹ Í framhaldi samþykkti háskólaráð eftirfarandi á fundi 3. september sl.:

„Samþykkt einróma að fela rektor að skipa starfshóp til að fara yfir þá valkosti sem tilgreindir eru í skýrslunni varðandi framtíð náms, kennslu og rannsókna í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands ásamt framkomnum athugasemdum. Í þessu felst að greina faglegar og fjárhagslegar forsendur, staðsetningu og þörf fyrir húsnæði, búnað og aðstöðu. Starfs- hópurinn hafi samráð við fræðasvið háskólans og fulltrúa nemenda og hraði vinnunni eins og kostur er og geri grein fyrir stöðunni á næsta fundi háskólaráðs. Formaður hópsins verði Guðmundur R. Jónsson, prófessor og framkvæmdastjóri fjármála og reksturs.“

Rektor skipaði eftirfarandi einstaklinga í hópinn:

1. Guðmundur R. Jónsson, formaður
2. Ástríður Stefánsdóttir, dósent og deildarforseti Íþrótt-, tómsunda- og þroskaþjálfadeildar
3. Björg Gísladóttir, rekstrarstjóri á Menntavísindasviði
4. Hafþór B. Guðmundsson, lektor við Íþrótt-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild
5. Janus F. Guðlaugsson, lektor við Íþrótt-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild
6. Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor við Íþrótt-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild
7. Andri Rafn Ottesen, fulltrúi nemenda
8. Sigurlaug I. Lövdahl, framkvæmda- og tæknisviði, ritari nefndarinnar

Að auki bættist við í hópinn Erlingur Jóhannsson, prófessor í Íþrótt-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild.

Í fyrrnefndri skýrslu eru settir fram fjórir valkostir um framtíð námsbrautarinnar. Þeir eru:

- Valkostur 1. Grunnnám í íþrótt- og heilsufræði verði flutt til Reykjavíkur og skipulagt í samstarfi við Háskólann á Akureyri.
- Valkostur 2. Grunnnám í íþrótt- og heilsufræði verði flutt til Reykjavíkur.
- Valkostur 3. Grunnnám í íþrótt- og heilsufræði verði áfram að Laugarvatni en með breyttu sniði.
- Valkostur 4. Nám í íþrótt- og heilsufræði verði lagt niður sem námsgrein við Háskóla Íslands.

Alls hélt starfshópurinn 7 fundi á tímabilinu 8. september til 25. nóvember 2015. Auk fundu var farið að Laugarvatni til að kanna ástand húsakosts og íþróttamannvirkja, hluti hópsins fundaði með nemendum í grunnnámi að Laugarvatni, framhaldsnemum í Reykjavík og kennurum námsbrautarinnar. Þá var fundað með fulltrúum frá ÍTR og World Class, farið í vettvangsferð um Laugardalinn og skoðuð íþróttamannvirki sem þar eru.

Hópurinn var sammála um að nægilegt svigrúm væri til að breyta innihaldi og fyrirkomulagi námsins á síðari stigum og var því ekki sérstaklega farið í að greina þá þætti nema að litlu leyti.

¹ Sóknarfæri í námi í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands, skýrsla til rektors Háskóla Íslands, september 2015.

Hér á eftir verður greint frá þörfum og fjárhagslegum forsendum fyrir staðsetningu námsins annars vegar að Laugarvatni og hins vegar í Reykjavík, þ.e. fjallað verður um valkost 2 og valkost 3 í því ljósi.

Háskólinn á Akureyri hefur lýst yfir áhuga sínum á að setja á laggirnar nám í íþróttá- og heilsufræði en þar sem ákvörðun liggur ekki fyrir á þessu stigi þótti ekki tímabært að fjalla um valkost 1. Valkosti 4 var hafnað í fyrrnefndri skýrslu og hann því ekki tekinn til umfjöllunar hér.

Aðstöðupörf og forsendur fyrir grunnnámi í íþróttá- og heilsufræði

Starfshópurinn er sammála um að forsenda fyrir faglegri þróun námsins sé að fjöldi nemenda í árgangi sé að lágmarki 30 og að 40 nemendur sé ákjósanleg tala. Mikilvægt þykir fyrir íslenskt samfélag að hafa vel menntað fólk á sviði íþróttá- og heilsufræði þar sem áhersla á lýðheilsu og heilbrigði verður sífellt mikilvægari.

Þá er einnig mikilvægt að náíð samstarf sé við íþróttahreyfinguna og að markmið íþróttá- og heilsuþrautar sé að mennta íþróttþjálfara fyrir hinar ýmsu íþróttagreinar sem hér á landi eru stundaðar. Jafnframt er mikilvægt að námið búi nemendur undir íþróttakennslu í skólum (MEd-nám) og íþróttá- og heilsufræðinám (MS-nám) auk rannsóknastarfa og doktorsnáms á sviði íþróttá, heilsuræktar og lýðheilsu í víðum skilningi.

Ekki er gert ráð fyrir fjölgun í hópi kennara en nú eru 12 kennarar starfandi við námsbrautina í misstöru starfshlutfalli.

Á fundum starfshópsins kom vel í ljós, þegar ræddar voru faglegar hliðar og uppbyggingu íþróttáfræðinnar, að nokkuð skiptar skoðanir eru um á hvað beri að leggja áherslu á í náminu. Þetta þarf í sjálfu sér ekki að koma á óvart. Að sama skapi er ljóst að staðsetning námsins í Reykjavík eða að Laugarvatni setur svip sinn á námið og hefur áhrif á innihald þess. Í viðaukum með greinargerðinni eru dregin fram atriði um möguleika og faglegar hliðar námsins eftir því hvort það er staðsett í Reykjavík eða að Laugarvatni.

Þrátt fyrir skiptar skoðanir innan starfshópsins um ýmis fagleg atriði var samstaða um að eftirfarandi aðstaða þurfi að vera fyrir hendi fyrir grunnnám í íþróttá- og heilsufræði óháð staðsetningu námsbrautarinnar miðað við fyrrnefndan fjölda nemenda:

1. Verklef kennsla. Fjöldi stunda á viku í 28–30 vikur á ári
 - a. Sundlaug, 3–4 stundir.
 - b. Útivöllur / innanhússvöllur fyrir knattspyrnu, 3 stundir.
 - c. Útivöllur / innanhússvöllur fyrir frjálsar íþróttir, 3 stundir.
 - d. Íþróttahús, 16–24 stundir.
 - e. Þreksalur, 3 stundir.
2. Aðstaða fyrir bóklega kennslu
 - a. Tvær til þrjár 50 m² kennslustofur.
3. Vinnuaðstaða nemenda
 - a. Lesrými og aðstaða fyrir hópavinnu.
4. Rannsóknaaðstaða
 - a. 40–50 m² rými með góðri loftræstingu og hitastýringu ásamt sturtuaðstöðu. Tækjabúnaður í rannsóknaaðstöðu eru hlaupabretti, þrekhjól af ýmsum toga

og búnaður til að mæla þol, stökkkraft, styrk og hraða auk annarra þátta með ýmsum tækjabúnaði.

5. Aðstaða fyrir kennara og stoðþjónustu

- a. Skrifstofuaðstaða kennara, 12 vinnustöðvar.
- b. Stoðþjónusta, skrifstofupláss fyrir 1–2 starfsmenn í 50% starfshlutfalli hvor (óvíst er á þessu stigi hvort núverandi starfsmenn myndu þiggja starf í Reykjavík ef um flutning yrði að ræða).

6. Útivist

- a. Geymslur fyrir margvíslegan búnað, svo sem kanóa. Áætluð þörf samsvarar tveimur 40 feta gámum eða um 50 m² samtals.

Valkostur 2: Grunnám í íþrótt- og heilsufræði verði flutt til Reykjavíkur

Starfshópurinn var einhuga um að aðstaða fyrir verklega kennslu þyrfti að vera sem mest á sama stað, auk þess sem horfa þarf til fjarlægðar frá húsakynnum og aðstöðu Menntavísindasviðs. Í Laugardalnum hefur uppbygging íþróttamannvirkja verið öflug og öll aðstaða er fyrir hendi í flestum greinum íþróttar.

Þar er meðal annars innanhúss aðstaða fyrir allar þær íþróttagreinar sem hér á landi eru stundaðar eins og frjálsíþróttir, knattleiki, skauta, tennis og fimleika. Aðstaðan gefur kost á meiri fjölbreytni í verklegu námi í greinum íþróttar og heilsufræði. Þá eru íþróttafélög, íþróttasambönd og íþróttabandalög starfrækt í Laugardal, í nánasta umhverfi við þessi mannvirki.

Starfshópurinn kynnti sér aðstöðuna og eftir viðræður við forsvarsmenn hjá Íþrótt- og tólmundaráði Reykjavíkur, ÍTR, og World Class (Laugar) er niðurstaðan sú að hægt væri með góðu móti að koma fyrir stórum hluta verklegrar kennslu á svæðinu. Einna helst vantar aðstöðu fyrir báta (kanóa).

Í töflu 1 má sjá uppgengið verð frá ÍTR vegna leigu á aðstöðu í Laugardal út frá þeim stundafjölda sem áður var nefndur. Um er að ræða verð úr gjaldskrá án nokkurs afsláttar en í viðræðum við ÍTR kom fram að ef samið er til lengri tíma, t.d. til 5–10 ára, fengist umtalsverður afsláttur á uppgefnu verði.

Tafla 1. Kostnaður vegna verklegrar kennslu í Laugardal miðað við 30 manna hóp.

	Sundlaug	Útivöllur/eða innanhúss (knattspyrna)	Útivöllur/eða innanhúss (frjálsar)	Íþróttahús	Þreksalur
Tímar á viku í 28–30 vikur	3–4	3	3	16–24	3
Tímar alls	90–100	80	80	460	80–90
Kostnaður	1,6	1,5	2,7	9,5	0,5
Kostnaður alls [m.kr.]:	15,8				

Fyrir enn fleiri nemendur þyrfti að skipta hópnum í tvennt og þá má reikna með að kostnaður aukist að hámarki um 50%. Laugardalshöllin og frjálsíþróttahöllin eru nýttar undir stærri íþróttaviðburði og sýningar ef svo ber undir. Þetta er þó ávallt vitað með löngum fyrirvara svo mögulegt á að vera að skipuleggja verklega kennslu með tilliti til þessa sbr. upplýsingar frá Ómari Einarssyni hjá ÍTR. Þá eru fleiri aðilar s.s. nærliggjandi grunnskólar sem nota

aðstöðuna sem taka þarf mið af við gerð stundatöflu. Það verður því alltaf „púsluspil“ að koma fyrir kennslu en það sama gildir almennt innan Háskóla Íslands. Í samtali við Ómar kom fram sá möguleiki að nýta mætti aðra aðstöðu í Laugardalnum til verklegrar kennslu ef svo bæri undir s.s. skautahöllina, aðstöðu fyrir fimleika og bardagaíþróttir hjá Ármanni og gervigrasvöllinn hjá Þrótti. Í máli Ómars kom einnig fram að innisundlaugin er notuð fyrir sundkennslu grunnskólabarna en þar sem skipta má lauginni í tvo hluta rúmast þarfir háskólans vel.

Þörf er á (skrifstofu)aðstöðu eða afdrepi fyrir kennara í Laugardalnum. Í fyrrnefndri vettvangsferð kom fram að auðvelt yrði að verða við því. Ekki var óskað eftir verðhugmyndum fyrir þessa aðstöðu.

Í viðræðum við ÍTR kom einnig fram að nemendur gætu fengið vinnuaðstöðu í Laugardalnum ef þörf væri á. Hins vegar væri auðvelt að finna vinnuaðstöðu fyrir nemendur í Stakkahlíð þar sem aðrir nemendur Menntavísindasviðs hafa aðstöðu án þess að það leiddi til viðbótarkostnaðar vegna mögulegra breytinga / standsetningar á húsnæði.

Formaður starfshópsins og ritari ræddu við Björn Leifsson, eiganda World Class, um mögulegt samstarf og aðstöðu nemenda í íþrótt- og heilsufræði í húsakynnum stöðvarinnar. Afar vel var tekið í samstarf á milli aðila og fram kom að nemendum stæði til boða (ókeypis) aðgangur að líkamsræktarstöðinni gegn vinnuframlagi (þjálfun í sal) sem gæti verið hluti af starfsnámi viðkomandi. Þá var Björn mjög opinn fyrir áframhaldandi samstarfi við rannsóknir.

Aðstaða fyrir rannsóknir þyrfti að vera vel loftræst og hitastýrt 40–50 m² rými. Ákjósanlegast væri að það væri nálægt öðru verklegu kennslurými. Sturtuáðstaða yrði einnig að vera fyrir hendi fyrir bæði kyn. Einnig þyrfti að tryggja að rafmagnið væri með þeim hætti að hægt væri að keyra orkufrek hlaupabretti. Þessi rannsóknáðstaða fyrir íþrótt- og heilsufræði nýtist einnig fyrir kennslu í grunnnámi og er því til umfjöllunar hér. Aðstaðan þarf að vera fyrir hendi hvort sem er í Reykjavík eða að Laugarvatni, og kostnaður vegna hennar metinn álíka hár á báðum stöðum ef ekki þarf að leigja sérstakt húsnæði í Reykjavík. Hins vegar má benda á að með staðsetningu í Reykjavík verður auðveldara að samnýta búnað og aðstöðu með öðrum greinum í Háskóla Íslands, t.d. sjúkráþjálfun. Vegna nálægðar við Íþróttasamband Íslands, íþróttabandalög, sérsambönd ÍSI, fjölmörg íþróttafélög og leik-, grunn- og framhaldsskóla gætu aukist möguleikar á samstarfi, bæði í starfsþjálfun og í rannsóknum.

Bókleg kennsla gæti farið fram í húsakynnum Menntavísindasviðs í Stakkahlíð eða í húsnæði frjálsíþróttahallarainnar við Laugardalshöll. Ekki var talin ástæða til að óska eftir verðhugmyndum í þessa aðstöðu í Laugardalnum.

Nú hafa þegar 6 kennarar af 12 fastráðnum aðstöðu í húsakynnum Menntavísindasviðs og hægt væri að koma þeim öllum fyrir í Stakkahlíð en æskilegt er að kennarar hafi vinnuaðstöðu hver nálægt öðrum. Framkvæmda- og tæknisvið Háskóla Íslands áætla að kostnaður við að koma upp skrifstofuaðstöðu fyrir kennara námsbrautarinnar á einum stað í Stakkahlíð sé um 15 m.kr.

Kostnaður vegna nýrrar geymsluaðstöðu vegna útivistarstarfsemi er áætlaður sá sami á báðum stöðum eða um 5 m.kr.

Auk ofangreinds kostnaðar þarf að standa straum af launakostnaði námsbrautarinnar og öðru er tengist starfsemi hennar, þar á meðal þátttöku í stjórnsýslu og stoðþjónustu Menntavísindasviðs. Sá kostnaður er greiddur innan sviðsins. Þar fyrir utan fellur til kostnaður vegna viðhalds og reksturs húsnæðis sem greiddur er miðlægt af Háskóla Íslands.

Ef námið er flutt til Reykjavíkur verður leigukostnaður vegna verklegu aðstöðunnar í Laugardalnum greiddur miðlægt. Annar kostnaður vegna námsbrautarinnar er greiddur af Menntavísindasviði. Að þessu er vikið nánar síðar.

Valkostur 3: Grunnám í íþrótt- og heilsufræði verði áfram að Laugarvatni

Ef starfrækja á námsbrautina áfram að Laugarvatni er nauðsynlegt að ráðast í endurbætur á núverandi húsakosti og íþróttamannvirkjum. Við mat á þörfinni á endurbótum var rætt við nokkra kennara námsbrautarinnar, fjölmarga nemendur, umsjónarmann skólans á Laugarvatni og byggingarstjóra Háskóla Íslands en hann hefur haldið utan um og stjórnað viðhaldi á húsnæði og aðstöðu allt frá árinu 2008. Ljóst er að skiptar skoðanir eru á meðal kennara námsbrautarinnar um hvað sé nauðsynleg aðstaða fyrir verklega kennslu.

Við mat á endurbótum var horft til nauðsynlegrar fjölgunar nemenda í íþrótt- og heilsufræði og hvað þurfi til svo að þeim fjölgi. Framkvæmda- og tæknisvið Háskóla Íslands lagði síðan mat á kostnað vegna endurbótanna. Tekið skal fram að ekki var leitað beinna tilboða í einstaka þætti heldur er hér um mat framkvæmda- og tæknisviðs að ræða en þar er fyrir áralöng reynsla í þessum efnum. Í einhverjum tilvikum var haft samband við umboðsaðila.

Ef nemendafjöldi fer upp í 30–40 nemendur í árgangi er ljóst að fjölga þarf herbergjum á heimavist. Í dag er pláss fyrir 32 nemendur í 30 herbergjum á Vatnagarði (heimavist) og um 6 nemendur að hámarki í íbúðum við Laugarbraut 7a og 7b. Til að mæta húsnæðisþörf nemenda mætti nýta íþróttamiðstöðina við Hverabraut en þar má koma fyrir a.m.k. 15 nemendum. Til að koma til móts við nútímakröfur um einstaklingsherbergi þyrftu að fara fram umfangsmiklar breytingar á húsnæðinu. Einnig mætti kanna möguleika á leigu húsnæðis hjá rekstraraðilum farfuglaheimilisins Dalseli og íbúðablokkanna á vegum Golden Circle Apartments sem áður voru í eigu Byggingarfélags námsmanna.

Sú spurning er áleitinn hvort ekki þurfi að bæta aðgengi fyrir fatlaða á heimavistinni. Slíkar endurbætur kalla t.d. á tvær lyftur, eina milli hæða og aðra vegna aðgengis að matsal. Aðkoman að húsinu er heldur ekki samkvæmt reglum um aðgengi fyrir fatlaða. Tekið skal fram að bætt aðgengi fyrir fatlaða gæfi væntanlega tilefni til herra leiguverðs fyrir húsnæðið undir hótélrekstur á sumrin og þannig kæmu inn einhverjar tekjur á móti útgjöldum.

Sundlaugin sem tekin var í notkun árið 1992 er verulega farin að láta á sjá og tímaspursmál hvenær þurfi að skipta henni út fyrir nýja. Sundkennsla er umtalsverður hluti af kennslu í íþrótt- og heilsufræði og lögbundin grein sem kenna þarf innan skólaíþróttar samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla.

Í töflu 2 má sjá lista yfir þær endurbætur og viðhald sem áframhaldandi vera á Laugarvatni kallar eftir ásamt kostnaðarmati. Í töflunni er gert ráð fyrir allt að 150 m.kr. vegna endurbóta á íþróttamiðstöðinni. Vel er hugsanlegt að fela megi utanaðkomandi aðila að fjármagna breytingarnar og leigja svo húsnæðið út. Innan starfshópsins kom fram sú hugmynd að Félagsstofnun stúdenta, FS, tæki að sér þetta hlutverk.

Formaður starfshópsins ræddi við forsvarsmenn FS sem á og rekur fjölda stúdentagarða í Reykjavík um möguleika á að FS tæki að sér sambærilegan rekstur nemendaíbúða að Laugarvatni. Í viðræðum kom fram að lykilatriði í að halda niðri leiguverði til stúdenta væri útleiga á íbúðunum á sumrin. Í máli FS kom fram að ekki væri áhugi á slíkum rekstri af þeirra hálfu og þar með rekstri nemendaíbúða að Laugarvatni. Engu að síður var það mat þeirra að til væru aðilar sem væru reiðubúnir að taka að sér slíkan rekstur svo framarlega sem háskólinn ábyrgðist mikla nýtingu (a.m.k. 90%) á íbúðunum á meðan á skólafélagseminni stæði. Að auki þyrfti að koma til tiltekinn árafjöldi í leigu sem erfitt væri að segja nákvæmlega til um á meðan ekki lægju fyrir nákvæmar tölur um kostnað við kaup og breytingar á húsnæðinu. Um þennan lið ríkir því nokkur óvissa á þessu stigi.

Tafla 2. Endurbætur á húsakosti og íþróttamannvirkjum að Laugarvatni, endurnýjun búnaðar og kostnaður.

	Endurbætur og viðhald	Kostnaður [m.kr.]	Búnaður	Kostnaður [m.kr.]
Skólahús og heimavist	Vegna aðgengismála fatlaðra (m.a. 2 lyftur)	13		
Íþróttahús	Utanhússviðgerðir	10		
Íþróttahús	Nýtt gólf	25		
Sundlaug	Ný sundlaug (án yfirbyggingar)	42	Dælur, hreinsibúnaður o.fl.	30
Þreksalur	Laga gólf	5	Tæki, stigvél.o.fl.	18
Útivöllur (knattspyrna og frjálssar)	Laga grasvöllinn	2		
Íþróttamiðstöð	Breyta húsnæðinu í „heimavist“ með eins manns herbergjum	150		
Geymslur fyrir báta o.fl.		5		
Kostnaður alls:		252		48
Kostnaður samtals:	300			

Telja má ljóst að gervigrasvöllur þyrfti að vera fyrir hendi ef aðstaða á Laugarvatni til knattspyrnuíðkunar ætti að vera sambærileg við aðstöðu í Laugardalnum. Slík aðstaða mun skapa möguleika á aukinni samvinnu við knattspyrnuhreyfinguna, skapa námsbrautinni aðstöðu til námskeiðahalds yfir vetrar-, haust- og vormánuði og auka möguleika á ýmsum leikjum og verkefnum utanhúss fyrir skólana að Laugarvatni og íþróttahreyfinguna í tengslum við dvöl í Íþróttamiðstöðinni.

Varðandi aðstöðu til sundkennslu væri æskilegt að hún gæti verið jafnt innan- sem utanhúss. Slík aðstaða yki til muna líkur á markvissari kennslu í sundnámi, sérstaklega kennslu sem snýr að yngstu iðkendum og sundkennslu yfir vetrarmánuði sem hingað til hefur verið utanhúss.

Samanburður á kostnaði

Áður hefur komið fram að launakostnaður kennara er sá sami hvort sem námið er í Reykjavík eða að Laugarvatni. Því ekki þörf á að hafa hann með í samanburði á milli valkosta.

Samkvæmt töflu 3 er miðlægur nettócostnaður Háskóla Íslands við húsnæði og rekstur þess að Laugarvatni um 30–35 m.kr. á ári miðað við síðastliðin 6 ár. Tekið skal fram að viðhaldi hefur verið í hóp stillt undanfarin ár að Laugarvatni.

Tafla 3. Tekjur og gjöld vegna reksturs og viðhalds húsnæðis og mannvirkja árin 2009–2014.

Tekjur á verðlagi hvers árs	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Rekstur fasteigna	30.217.000	31.477.000	32.097.000	33.245.000	37.115.000	39.125.100
Tekjur samtals	30.217.000	31.477.000	32.097.000	33.245.000	37.115.000	39.125.100
Gjöld á verðlagi hvers árs	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Rekstur fasteigna	48.221.000	47.719.000	51.282.000	51.493.000	53.396.000	54.459.000
Viðhald húsnæðis	15.693.000	9.996.000	11.461.000	13.179.000	6.792.000	21.181.000
Viðhald lóða	1.714.000	899.000	582.000	505.000	527.000	537.000
Gjöld samtals	65.628.000	58.614.000	63.325.000	65.177.000	60.715.000	76.177.000
Mismunur tekna og gjalda	-35.411.000	-27.137.000	-31.228.000	-31.932.000	-23.600.000	-37.051.900

Samanborið við uppgefið leiguverð á aðstöðu í Laugardalnum, sem er tæplega 16 m.kr. á ári án afsláttar miðað við 30 nemendur, má áætla að það sé að minnsta kosti 15 m.kr./ári dýrara að halda úti starfseminni að Laugarvatni en væri námsbrautin í Reykjavík hvað varðar rekstur og viðhald húsnæðis (þáttur framkvæmda- og tæknisviðs).

Almennt er ekki gert ráð fyrir viðbótarkostnaði Menntavísindasviðs vegna skrifstofuaðstöðu, lesryma og aðstöðu fyrir nemendur auk kennsluhúsnæðis fyrir bóklega kennslu þar sem þessu yrði komið fyrir í núverandi húsnæði sviðsins í Stakkahlíð.

Að halda úti námi í íþrótt- og heilsufræði að Laugarvatni kallar m.a. á aukin ferðalög og störf í stjórnsýslu og stoðþjónustu sem ella mætti samnýta með stjórnsýslu og stoðþjónustu sviðsins í Stakkahlíð.

Rekstrarstjóri Menntavísindasviðs áætlar að viðbótarkostnaður sviðsins vegna staðsetningar námsbrautarinnar að Laugarvatni sé um 12–13 m.kr. á ári, sem innifelur laun stjórnsýslustarfsmanns og starfsmanns bókasafns (7,5–8 m.kr.), annan kostnað vegna stjórnsýslu (1–1,5 m.kr.) og akstur (3–3,5 m.kr.). Við flutning til Reykjavíkur má gera ráð fyrir að þessi liður lækki nokkuð.

Einhver kostnaður félli til vegna rannsóknaaðstöðu. Miðað við ríflega leigu á 50 m² rými gæti kostnaður verið um 2 m.kr. á ári.

Að þessu sögðu má taka saman eftirfarandi atriði varðandi samanburð á kostnaði milli valkostanna tveggja:

- **Grunnnám í íþróttfræði í Reykjavík**

1. 15 m.kr. vegna skrifstofuaðstöðu kennara í Stakkahlíð og 5 m.kr. vegna geymsluaðstöðu (**einskiptiskostnaður**)
2. 16–24 m.kr. (án afsláttarkjara) vegna aðstöðu í Laugardalnum (**árlegur kostnaður** fyrir einn eða tvo hópa)
3. 2 m.kr. vegna rannsóknaaðstöðu (**árlegur kostnaður**)
4. Annar aðstöðukostnaður sem metinn er svipaður að Laugarvatni og í Reykjavík (**árlegur kostnaður**)
5. Aksturs- og stjórnsýslukostnaður verður lægri en liggur ekki nákvæmlega fyrir (**árlegur kostnaður**)

- **Grunnnám í íþróttfræði að Laugarvatni**

1. 300 m.kr. í endurbætur og endurnýjun á aðstöðu (**einskiptiskostnaður**, ekki gert ráð fyrir gervigrasvelli né yfirbyggingu á sundlaug)
2. 30–35 m.kr. nettókostnaður vegna reksturs og viðhalds (**árlegur kostnaður**)
3. 12–13 m.kr. umframkostnaður Menntavísindasviðs samanborið við að námið sé í Reykjavík (**árlegur kostnaður**)

Samkvæmt þessu er árlegur kostnaður við námið í Reykjavík vegna verklegar aðstöðu áætlaður um 16–24 m.kr. án afsláttarkjara og að auki 2 m.kr. ef leigja þarf rannsóknaaðstöðu. Ef starfsemin verður áfram að Laugarvatni er hann áætlaður 30–35 m.kr. Þá er einskiptiskostnaður metinn á 15–20 m.kr. ef Reykjavík yrði ofan á en um 300 m.kr. vegna nauðsynlegra endurbóta á mannvirkjum og aðstöðu að Laugarvatni

Samtöl við nemendur

Fulltrúi nemenda í starfshópnum hafði með höndum að ræða við nemendur og kanna hug þeirra til náms í íþrótt- og heilsufræði og staðsetningu námsins að Laugarvatni. Úr varð að rætt var við fulltrúa þriggja hópa:

1. Nemendur á Menntavísindasviði, til húsa í Stakkahlíð
2. Nemendur í íþrótt- og heilsufræði
3. Nemendur í íþrótt- og heilsufræði við Háskólann í Reykjavík

Allir nemendur sem rætt var við höfðu vissulega skoðun á málefnum Laugarvatns og einkenndust svör hópanna af því hvar þeir voru við nám. Nemendur að Laugarvatni vildu að námið yrði áfram fyrir austan en nemendur í Reykjavík, sem vissulega skildu afstöðu Laugvetninga, voru hins vegar með margar hugmyndir um hvernig haga mætti náminu í Reykjavík.

Staðsetning námsins í HÍ hafði mestu áhrifin á þá nemendur sem sækja íþróttfræði í HR og nemendur í Stakkahlíð ræddu kosti og galla beggja valkostanna. Nemendur í tómsundafræði veltu því fyrir sér hvort háskólinn myndi missa tengslin við landsbyggðina ef námið yrði flutt. Nemar að Laugarvatni fjölluðu um hvað þyrfti að bæta í aðstöðumálum fyrir austan en voru einnig með skýrar ábendingar um hvað mætti laga í skipulagningu námsins. Þeir bentu á að húsnæðismál nemenda og kynningar á náminu væru brýnustu verkefnin ef námið yrði áfram að Laugarvatni.

Auk fyrrnefndra viðtala hittu formaður, fulltrúi nemenda og ritari hópsins nemendur í grunnnámi að Laugarvatni á fundi þann 4. nóvember og nemendur í framhaldsnámi í Reykjavík þann 9. nóvember. Tilgangur fundanna var að kalla eftir sjónarmiðum nemenda um hvað þyrfti til svo að fjölga mætti nemendum á námsbrautinni.

Í máli nemenda kom m.a. fram að tryggja þyrfti að nægt húsnæði væri í boði. Einnig er brýnt að laga íþróttamannvirki og aðstöðu eins og þegar hefur verið fjallað um hér að ofan. Nemendur höfðu á orði að nýta ætti tímann betur, keyra námið hraðar, gjarnan í lotum og tengja betur við meistaranámið þannig að meiri samfella yrði í náminu. Nemendur bentu á að öflugt markaðs- og kynningarstarf gæti hjálpað til við að fjölga nemendum. Í því sambandi væri nauðsynlegt að nýta alla þá miðla sem ungt fólk notar í dag (s.s. Facebook, YouTube o.fl.) og leggja áherslu á persónulegar kynningar í framhaldsskólum sem nemendur tækju sjálfir þátt í.

Vegna áherslu nemenda á aukna og kröftuga markaðssetningu á náminu til að fjölga nemendum var haft samband við kynningarstjóra Menntavísindasviðs. Hjá honum fengust þær upplýsingar að um áramótin 2014 / 2015 hefði verið ákveðið að auglýsa eftir umsóknum í grunnnámið að Laugarvatni og aukinn kraftur settur í kynningar- og markaðsmál vegna þessa, sem og um vorið 2015 vegna umsókna fyrir haustmisseri sama ár. Settar voru um 900 þ.kr. í átakið.

Kynningarstjórinn gaf einnig upplýsingar um kostnað vegna mögulegs átaks í kynningar- og markaðsmálum fyrir námsbraut í íþrótt- og heilsufræði vorið 2016. Sú áætlun hljóðar upp á 2,7 m.kr. Einnig var haft samband við markaðs- og samskiptasvið Háskóla Íslands um mat á kostnaði við slíkt átak. Niðurstaðan var svipuð og hjá Menntavísindasviði, eða um 3 m.kr.

Samtöl við kennara og sjónarmið þeirra

Formaður starfshóps og ritari ræddu einslega við nokkra kennara í íþróttá- og heilsufræði sem ekki áttu sæti í starfshópnum. Í þeim samtölum kom fram margt áhugavert og mikilvægt þegar horft er til uppbyggingar námsins og nýjar námsleiðir. Þar sem um trúnaðarsamtöl var að ræða er ekki unnt að hafa neitt beint eftir viðmælendum.

Ljóst er að skiptar skoðanir eru meðal kennara um hvernig náminu sé best fyrir komið, bæði faglega og hvað staðsetningu varðar. Þá kom fram að sú óvissa sem uppi hefur verið mörg undanfarin ár um staðsetningu námsins hefur haft neikvæðar afleiðingar í för með sér. Hún hafi leitt til ákveðinnar stöðunar í skipulagi námsins og ekki hefur verið hlúð sem skyldi að aðstöðu og mannvirkjum. Það er því brýnt að taka ákvörðun um framtíð námsins sem fyrst.

Alls eru 12 kennarar í íþróttá- og heilsufræði en ekki allir í fullu starfi. Svo virðist sem hópurnir skiptist til helminga þegar taka á afstöðu til staðsetningar námsins. Greinilegt samband er á milli óska um staðsetningu námsins og búsetu kennara en þetta er þó ekki einhlítt.

Í viðaukum A og B er innlegg frá kennurum úr starfshópnum þar sem fjallað er um sóknarfæri í íþróttá- og heilsufræði að Laugarvatni annars vegar og í Reykjavík hins vegar. Viðauki A er frá Hafþóri B. Guðmundssyni og viðauki B frá Janusi F. Guðlaugssyni. Þá er í viðauka C greint frá viðhorfum nemenda sem fulltrúi nemenda Andri Rafn Ottesen hafði umsjón með.

Starfshópurinn lítur á viðaukana sem gott innlegg í umræðuna án þess að nefndarmenn séu endilega sammála öllu sem þar kemur fram.

Lokaorð

Í vinnu starfshópsins hefur ríkt mikill einhugur um mikilvægi þess að efla nám í íþróttá- og heilsufræði við Háskóla Íslands. Til að ná því markmiði er afar mikilvægt að auka aðsókn í námið. Nefndarmenn eru sammála um að innan Háskóla Íslands séu allar faglegar forsendur fyrir hendi, bæði innan námsbrautarinnar og í samstarfi við ýmsar aðrar fræðigreinar skólans.

Það breytir þó ekki því að skiptar skoðanir eru meðal kennara námsbrautarinnar um staðsetningu námsins. Hið sama á við um hvað leggja beri helst áherslu á faglega.

Óvissa um staðsetningu námsins hefur komið niður á starfseminni og því er brýnt að taka ákvörðun um hana sem fyrst.

Viðauki A

Hugmyndir að sóknarfærum og útfærslu á námi í íþrótt- og heilsufræði miðað við að námið sé áfram að Laugarvatni.

Inngangur

Það sem hér kemur fram að neðan er staðan á námi í íþrótt- og heilsufræði að Laugarvatni í dag, ásamt hugmyndum og hugleiðingum um framtíðarskipan náms að Laugarvatni, settar fram sem viðbót við þá greiningu sem gerð var á vegum Háskóla Íslands um sóknarfæri í námi í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands fyrr á yfirstandandi ári.

Hvað þýðir það þegar talað er um „sóknarfæri“ námsins?

Þegar talað er um sóknarfæri námsins er hægt að nálgast umræðuefnið á nokkra vegu, m.a. með því að fjalla um:

- í fyrsta lagi að fjölga nemendum, með því að færa sig á þéttbýlisstaði,
- í öðru lagi þá aðstöðu sem í boði er á þeim stöðum sem til greina koma,
- í þriðja lagi gæði námsins sem markast af kennsluháttum og skipulagi þess.

Þriðji þátturinn er líklega sá mikilvægasti. Hægt væri að fá fleiri nemendur í námið með breyttum áherslum í náminu og námsmöguleikum, auk þess sem gert væri ráð fyrir að námið gæti þróast fyrir markaðinn og það yrði kynnt á viðhlítandi hátt.

Eftirfarandi atriði lýsa núverandi stöðu námsins að Laugarvatni, auk framtíðarsýnar.

A – Staðan í dag

1. Sérstaða íþrótt- og heilsufræðinámsins að Laugarvatni

- a) 180 eininga BS-nám, skipulagt og kennt að Laugarvatni.
- b) Góð framvinda í náminu.
- c) Styrkleiki fagumhverfis og vísindarannsóknir njóta sín í náminu.
- d) Vegna þessa skilar námið faglegum íþróttfræðingum með BS-próf til framhaldsmenntunar eða til starfa á sérhæfðum og almennum markaði.

2. Staðsetning námsins að Laugarvatni veldur því að:

- a) Flestar námskeiðseiningar eru sérstaklega hannaðar fyrir íþrótt- og heilsufræðináms.
- b) Faglegar áherslur íþróttfræðinnar eru mjög sýnilegar (flestin sambærilegir háskólar á Norðurlöndum og víðar byggja námið upp á svipaðan hátt).
- c) Til samanburðar skal bent á að, margar minni BS-/B.Ed.-námsleiðir, t.d. á Menntavísindasviði, eru skipulagðar og kenndar saman, samanber grunnnám í þroskaþjálfarafræði og grunnnám í tómsunda- og félagsmálafræði þar sem þessum tveimur ólíku námsleiðum er steypt saman fyrsta árið og sömu námskeið kennd öllum nemendum og það dregur úr sérhæfingu þess náms og sýnileika.

3. Námsumhverfið að Laugarvatni

- a) Námsumhverfi og „campus“ að Laugarvatni er mjög sérstakt og hvetjandi fyrir nemendur til að stunda háskólanám í svo litlu en sterku samfélagi.
- b) Mikil ánægja ríkir meðal nemenda og þeir eru yfirleitt mjög ánægðir með háskólanám sitt að Laugarvatni.
- c) Námsumhverfið býður upp á möguleika á mun ódýrara húsnæði en í Reykjavík.
- d) Námsumhverfið byggir upp faglega sterka einstaklinga (sjá 1.c. að ofan).
- e) Námsumhverfið byggir upp félagslega, sjálfstæða og dugmikla einstaklinga (þar sem nemendur þurfa að spjara sig við mjög ólíkar aðstæður en þeir eru vanir). Þetta telja margir eldri nemendur að hafi hjálpað sér að skara fram úr í hinum harða heimi íþróttanna (hér er m.a. um að ræða marga af okkar bestu þjálfurum sem gera það gott víða um heim og eru að koma Íslandi á kortið sem stórbjóð í íþróttum).

B – Sóknarfæri til framtíðar

1. Endurskoðað nám með breyttu sniði – staðnám – fjarnám – sambland – diplómunám

- Framsækið þverfaglegt nútímalegt 180 eininga BS-nám með vísan til norræns kennslukerfis (Syddansk Universitet, þverfaglegar áherslur innan námsbrautarinnar).
- Diplómunám (60 eininga sérhæft nám), fjarnám með staðlotum í húsakynnum Háskóla Íslands að Laugarvatni og í sérhæfðri aðstöðu í Reykjavík.
- Öflugt ípróttufræðinám með sterkri verklegri tengingu við Grunnskólann að Laugarvatni og Menntaskólann að Laugarvatni sem nú þegar hefur verið reynt með góðum árangri.
- Samvinna um þverfaglegt nám við aðrar brautir, deildir og fræðasvið Háskóla Íslands (adobe connect eða aðra tæknilegar útfærslur). Hér er t.d. átt við ferðamálafræði og tólmstundafræði, þar sem nemendur sameinast í lotum að Laugarvatni.
- Tenging við ípróttahreyfinguna. Með lagfæringu á ípróttamiðstöð að Laugarvatni og markaðssetningu má efla samstarf við ípróttahreyfinguna og nýta æfingaaðstöðuna þar sem sérhæfð þjónusta, s.s. rannsóknir, mælingar og þrekpróf, eru framkvæmd að miklu leyti af nemendum undir stjórn kennara. Hér þarf að auka samvinnu skólans og rekstraraðila þannig að þetta sé unnið sem heild.
 - Ípróttamiðstöð: Gisting og mataraðstaða.
 - Húsnæði Háskóla Íslands:
 - Fræðilegir fyrirlestrar í misstórum stofum eða söllum.
 - Æfingaaðstaða fyrir margar ípróttagreinar innan ÍSÍ á öllum getustigum.
 - Hæfileg fjarlægð frá Reykjavík til að halda fólki á staðnum við æfingar og eða námskeið.
 - Mælingar og rannsóknir.
- Margvíslegir möguleikar á samvinnu við hinn frjálsa markað í tengslum við heilsutengda ferðaþjónustu (skipulagt að hluta af nemendum og hugsanlega einkafyrirtækjum í þessum geira) t.d. með samvinnu:
 - Aðrar einingar HÍ (fyrirlestrar, heilsutengd þjálfun í ípróttahúsi, sundlaug og útisvæði, fjallastígar, bátar á Laugarvatni svo að eitthvað sé nefnt).
 - Fontana Spa, hestaípróttir, myndlistarverkefni (Gullkistan).
 - Gistimöguleikar – Dalsel farfuglaheimili, Héraðsskólinn, Golden Circle Apartments og fleiri.
- **Fræðimannasetur:** Margvíslegir möguleikar á að nýta svæðið og þjónustuna fyrir önnur fræðasvið Háskóla Íslands og gesti erlendis frá sem fræðimannasetur (tvær fjögurra herbergja íbúðir eru í ípróttamiðstöðinni).

2. Markaðssetning

Mikilvægasti þátturinn í því að endurheimta ímynd og virðingu námsbrautarinnar burtséð frá staðsetningu er markaðssetning.

- Markaðsfyrirtæki komi að framkvæmdinni.
- Setja þarf ákveðna fjármuni í markaðssetningu til 3-5 ára.
- Nýta ÖLL þau tækifæri sem gefast til að kynna námið undir heiti íprótt- og heilsufræði Háskóla Íslands (en ekki eingöngu undir Menntavísindasviði).
- Nýta miðla sem markhópur okkar notar.
- Gefa námsbraut sjálfstæði í auglýsingaherferðum.
- Gefa námsbraut möguleika á að auglýsa námið á hefðbundnum kynningum framhaldsskólanna um land allt.
- Útbúa sérhæft kynningarmyndband sem sýnir styrkleika námsins á skemmtilegan og fjörugan hátt, sem hægt er að birta á samfélagsmiðlum markhópsins.
- O.fl.

3. Annað

- Mikilvægt er að nota sambærilega kostnaðarútreikninga við íþróttá- og heilsufræði og gerðir eru við aðrar brautir eða önnur svið.
- Hér mætti alveg staldra við og spyrja sig eftirfarandi spurningar: „Hvers vegna nýtir rekstur fasteigna þetta húsnæði ekki betur en raun ber vitni með markaðssetningu t.d. innan Háskóla Íslands og fær þar með meiri leigutekjur út úr skólahúsnæðinu og öðrum mannvirkjum staðarins?“
- Ljóst er að setja þarf fjármagn í uppbyggingu og lagfæringu á húsnæði skólans. Sem dæmi:
 - Nýtt gólf í íþróttahúsið.
 - Lagfæringar á tækjasal og ný tæki í hann.
 - Fleiri og nýrri rannsóknartæki.
 - Lagfæringar á sundlaug.
 - Lagfæringar á grasvelli skólans.
 - Lagfæringar á íþróttamiðstöð.
 - Vantar ýmisleg smááhöld og tæki.
- Sveitarfélagið hefur sýnt á því áhuga að hafa hér áfram sterkt nám og gefið ýmsar vísbendingar um að það sé tilbúið að koma að málum sem varða nemendur
- Í lokin er rétt að taka fram að í gegnum tíðina hefur námið að Laugarvatni skilað úrvalsnemendum sem hafa tekið að sér fjölbreytt störf í samfélagi okkar, svo sem í kennslu, þjálfun, stjórnun, stjórnámálum, bæjarstjórnnum og víðar. Þeir þjálfarar sem lokið hafa námi héðan hafa margir hverjir skarað fram úr og byggt upp þann frábæra íþróttarárangur sem nú er að koma Íslandi á kortið í mismunandi íþróttum um allan heim.
- Margt af því sem talið hefur verið upp hér að ofan sýnir að á Laugarvatni ætti að vera góður möguleiki á að standa að sterku faglegu námi til framtíðar.

SAMANBURÐUR Á FAGLEGRÍ AÐSTÖÐU V. VERKLEGRAR KENNSLU.												
Námsár	Námskeið		Aðstaða	Einingar	LAUGARVATN			Reykjavík				
					FULLNÆGIANDI	FULLNÆGIANDI AD HLUTA	ÓFULLNÆGIANDI	FULLNÆGIANDI	FULLNÆGIANDI AD HLUTA	ÓFULLNÆGIANDI		
2	Hreyfingafræði	íph410g	kennslustofa og íþróttasalur	5	X			X				
2/3 (kennari)	Kennslufræði íþrótta í grunnskóla	íph319g	kennslustofa og íþróttasalur	5	X			X				
2/3 þjálfari	Íþróttþjálfun	íph315g	kennslustofa og íþróttasalur	5	X			X				
2/3 þjálfari	Líkams- og heilsurækt	íph313g	kennslustofa og íþróttasalur	5	X			X				
2	Megindleg aðferðafræði	íph411g	kennslustofa	5	X			X				
2	Almenn kennslufræði	íph322g	kennslustofa	5	X			X				
2/3 (kennari)	Vettvangsnám í grunnskóla	íph318g	á vettvangi	5	X			X				
2/3 þjálfari	Vettvangsnám í íþróttþjálfun	íph316g	á vettvangi	5	X			X				
2/3 þjálfari	Vettvangsnám í líkams- og heilsurækt	íph314g	á vettvangi	5	X			X				
3	Vettvangsnám í framhaldsskóla	íph608g	kennslustofa, þreksalur	5	X			X				
val	Útivist - klettaklifur	íph026g	nálægð við klettaklifursvæði	5		X			X			
val	Knattspyrna I	íph006g	knattspyrnuvöllur	5	X			X				
val	Frjálsíþróttir - vallargreinar	íph039g	frjálsíþróttavöllur	5	X			X				
val	Blak	íph040g	íþróttasalur	5	X			X				
val	Frjálsíþróttir - hlaupagreinar	íph041g	frjálsíþróttavöllur	5	X			X				
val	Körfuknattleikur	íph054g	íþróttasalur	5	X			X				

SAMANBURÐUR Á FAGLEGGRI AÐSTÖÐU V. VERKLEGRAR KENNSLU.										
					LAUGARVATN			Reykjavík		
Námsár	Námskeið		Aðstaða	Einingar	FULLNÆGGJANDI	FULLNÆGGJANDI AD HLUTA	ÓFULLNÆGGJANDI	FULLNÆGGJANDI	FULLNÆGGJANDI AD HLUTA	ÓFULLNÆGGJANDI
val	Íþróttir barna og unglunga I	íph048g	íþróttasalur	5	X			X		
val	Útivist - á vatni	íph009g	nálægð við vatn og ár	5	X					X
val	Handknattleikur	íph004g	íþróttasalur	5	X			X		
val	Þjálfun í vatni	íph047g	kennslustofa og sundlaug	5	X			X		
val	útivist	íph050g	kennslustofa og nálægð við náttúru	5	X			X		X
val	Útiskóli og hreyfing	íph030g	kennslustofa og útiúmhverfi	5	X			X		
val	Tómstundafræði	íph051g	kennslustofa og nálægð við náttúru	5	X			X		
val	Knattspyrna II	íph007g	íþróttavöllur og íþróttahús	5	X			X		
val	Sérkennsla og þjálfun fatlaðra	íph036g	kennslustofa og íþróttasalur	5	X			X		
val	Þjálfun eldri aldurshópa	íph016g	kennslustofa og íþróttasalur	5	X			X		
val	Sérhæfð heilsuþjálfun	íph034m	kennslustofa og íþróttasalur	5	X			X		
val	Íþróttir barna og unglunga II	ÍPH049G	kennslustofa og íþróttasalur	5	X			X		
3	Eigindlegar íþróttir. og siðfræði	íph512g	kennslustofa	5	X			X		
3	Næring, heilsa og þjálfun	íph503g	kennslustofa	10	X			X		
3	Íþróttir og samfélag	íph602g	kennslustofa	10	X			X		
3	kennslufræði íþróttanna í framhaldsskóla	íph609g	kennslustofa	5	X			X		
val	Markaðsfræði og stjórnun	íph035g	kennslustofa	5	X			X		
val	Íþróttasálfræði	íph034g	kennslustofa	5	X			X		
val	Íþróttir, fjölmiðlar og kvikmyndir	íph038g	kennslustofa	5	X			X		

Viðauki B

Sóknarfæri í námi íprótta- og heilsufræði við Háskóla Íslands

Hvað er það sem verið er að sækjast eftir?

1. Hvert ætti helsta markmiðið að vera?

- Svar: Fjölgun nemenda í námi.
- Fjöldi: Stefnt skal að því að nemendur verði um 100 á ári frá og með haustinu 2016.

Hvers vegna er verið að sækjast eftir þessu markmiði?

2. Hvers vegna þarf að fjölga nemendum?

- **Svar (1):** Koma til móts við þarfir ungs fólks á Íslandi til að stunda nám á sviði ípróttakennslu og ípróttufræða.
- **Svar (2):** Koma til móts við þarfir samfélagsins á sviði ípróttapjálfunar, ípróttakennslu, líkams- og heilsuræktar og tengdra þátta.
- **Svar (3):** Til að styrkja grunn- og framhaldsnám auk rannsókna halda uppi fjölþættu námi fyrir framangreind svið og standa undir kostnaði við námið.
- **Svar (4):** Til að geta veitt bæði kennurum og nemendum nútíma starfsgrundvöll.
- **Svar (5):** Til að stofnunin verði leiðandi á þessu fræðasviði á Íslandi og á alþjóðavísu.

Hvernig er hægt að ná þessu markmiði?

3. Hvaða leiðir þarf að fara?

- **Svar (1):** Greina vandann (**lokið**): Skýrsla um sóknarfæri í námi við íprótta- og heilsufærði við Háskóla Íslands.
- **Svar (2):** SVÓT-greining (**lokið**). Starfsmenn þurfa að trúá og treysta Háskóla Íslands og um leið niðurstöðum skýrslunnar.
- **Svar (3):** Hefja aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem þar eru settar fram.
- **Svar (4):** Nýta helstu ípróttamannvirki í landinu sem staðsett eru í Laugardal í Reykjavík.
- **Svar (5):** Nýta styrkleika í stöðunni; 5.1) Sérfræðingar innan íprótta- og heilsuþrautar; 5.2) Samningur við ípróttahreyfinguna; 5.3) Hægt er að bjóða upp á ódýrt nám og faglegra en hjá keppinaut á markaði; 5.4) Tengslanet og sérhæfing starfsmanna; 5.5) Að nýta aðstöðu í Laugardal í Reykjavík þar sem bestu sérhæfingu er að finna sem völ er á hér á landi; 5.6) Tenging við ípróttahreyfinguna (ÍSÍ), hinn frjálsa markað (s.s. World Class) og leik-, grunn- og framhaldsskóla á svæðinu.
- **Svar (6):** Byrja ætti á höfuðborgarsvæðinu og koma fljótlega á tengingu við Akureyri.
- **Svar (7):** Aðrir þættir: Gífurleg sóknarfæri á sviði lýðheilsu á næstu árum, lýðheilsa háskólasamfélagsins, tenging m.a. við Heilbrigðisvísindasvið (Læknadeild, sjúkrapjálfun, lýðheilsu).

Hvenær er æskilegt að ná þessu markmiði?

4. Hvenær er æskilegast að hefjast handa?

- **Svar (1):** Strax (haust 2015) – Tímabátturinn er mikilvægur.
- **Svar (2):** Á næsta ári (haust 2016). Breytingin þarf að verða áberandi í samfélaginu með endurskipulögðu námi og nýrri staðsetningu.
- **Svar (3):** Semja þarf um aðstöðu sem fyrst (haust 2015). Hér eru tengslanet starfsmanna mikilvæg.

Niðurstaða

1. Nýsköpun í námi

- **Svar (1):** Námið verði fært í kjarna íþróttamenningar á Íslandi, Laugardalinn, með ótal möguleikum á nýsköpun í námi.
- **Svar (2):** Aðgengi að námi fyrir ungt fólk á Íslandi á sviði íþróttarþjálfunar, íþróttakennslu og líkams- og heilsuræktar (lýðheilsu) verði gert sýnilegt og eftirsóknarvert.
- **Svar (3):** Styrkja þarf tengingu við íþróttahreyfinguna innanlands, íþróttasambönd, íþróttafélög, skóla og stofnanir á sviði lýðheilsu og endurhæfingar í landinu.
- **Svar (4):** Auka þarf alþjóðleg tengsl á sviði íþróttar og íþróttamenningar.
- **Svar (5):** Stilla þarf saman strengi og styðja stefnu Háskóla Íslands um öflugan háskóla.

Samanburður á verklegri aðstöðu á Laugarvatni og í Reykjavík

LAUGARVATN		REYKJAVÍK	
Tegund	Athugas.*)	Tegund	Staðsetning
Skólastofur	FH	Skólastofur	Stakkahlíð
Íþróttahús	FH	Íþróttahús	Við Stakkahlíð
Frjálsíþróttaaðst. (utanhúss)	FH	Frjálsíþróttaaðst. (utanhúss)	Laugardalur
Frjálsíþróttaaðst. (innan húss)	EFH	Frjálsíþróttaaðst. (innan húss)	Við Laugardalshöll
Knattspyrnuvöllur (gras)	FH	Knattspyrnuvöllur (gras)	Laugardalur
Gervigrasvöllur	EFH	Gervigrasvöllur	Laugardalur
Fimleikaaðstaða	EFH	Fimleikaaðstaða	Laugardalur
Sundlaug (25 m)	FH	Sundlaug (25 m)	Laugardalur
Sundhöll (yfirbyggð)	EFH	Sundhöll (yfirbyggð)	Laugardalur
Þreksalur 1)	FH	Þreksalur 2)	World Class Laugar 3)
Leikfimi- og danssalur	EFH	Leikfimi- og danssalur	World Class Laugar 4)
Skautasvell	EFH	Skautasvell	Laugardalur
Skíðasvæði	EFH	Skíðasvæði	Ekki fyrir hendi
Ýmsir sérsalir	EFH	Ýmsir sérsalir 5)	Laugardalur
Rannsóknastofa (-aðstaða)	EFH	Rannsóknastofa (-aðstaða)	Ekki fyrir hendi
Náttúra 6)	FH	Náttúra	

*) FH = Fyrir hendi, EFH = Ekki fyrir hendi

1. Tækin eru komin til ára sinna og þarfnast endurnýjunar. Tækjasalurinn er lítill og þröngur og það takmarkar notkunarmöguleika með stóra hópa.
2. Tækjasalurinn er með nýtískutækjabúnaði, styrktarþjálfunartækjum fyrir helstu vöðvahópa, upphitunar- og þoltækjum (hlaupabandi, skíðavél, hjól, stigvél og stigum; samtals um 20-30 tækjum) fyrir heilan nemendahóp.
3. Í samtali við Björn Leifsson, einn af eigendum World Class Laugar (23.9.2015), kom fram að honum leist mjög vel á samvinnuna við Háskóla Íslands. Nemendur fengu frían aðgang að stöðvum World Class samhliða því að þeir legðu sitt af mörkum með ákveðinni þjónustu til baka. „Báðir aðilar hagnast með slíku fyrirkomulagi“ (skráð með samþykki BL; jg).
4. Sjá lið 3.
5. Hér er átt við sali fyrir íþróttir eins og skyldingar, júdó og önnur fangbrögð.
6. Laugarvatn er mun nær jöklum og hálendinu en Reykjavík og vel í sveit sett hvað fjölpætta útivist varðar.

Viðauki C



Raddir nemenda

Á fyrsta fundi starfshópsins þann 8. september var sammælt um að fulltrúi nemenda, Andri Rafn Ottesen, myndi ræða við nemendur um sýn þeirra á framtíð Laugarvatns. Fulltrúinn skipulagði fundi með fjórum hópum: nemendum að Laugarvatni, nemendum úr Kennaradeild og Uppeldis- og menntunarfræðideild, nemendum í tómsundafræði og loks nemendum úr íþróttufræði í HR. Hrós og þakkir fær Tanja Kristín Leifsdóttir sem var ritari á fundunum og aðstoðaði við skipulag þeirra og ritun skýrslunnar.

Stakkahlíð

Fulltrúi frá Kennaradeild og fulltrúi frá Uppeldis- og menntunarfræðideild

14. september

Ákveðið var í upphafi að tala við nemendur í tómsundafræði en hún tilheyrir Íþróttá-, tómsunda- og þroskajálfadeild Menntavísindasviðs, en til að allar raddir sviðsins gætu heyrst var einnig ákveðið að ræða við fulltrúa frá Kennaradeild og Uppeldis- og menntunarfræðideild.

Í upphafi kom fram sú skoðun að það væri gamall hugsunarháttur að vera að Laugarvatni, þetta hefði alltaf verið svona og ætti eflaust alltaf að vera þannig. Nemendurnir voru sammála um að staðsetning og aðstaðan að Laugarvatni væri bæði kostur og galli. Aðstaðan væri einstök og flott en þyrfti vissulega eitthvert viðhald. Staðsetningin væri ekkert allt of langt frá bænum en skapaði viss óþægindi yfir vetrartímamann ásamt miklum kostnaði þegar til lengri tíma er litið.

Fram kom að nemendur væru eflaust háðari LÍN en nemendur í Reykjavík þar sem ekki væri sjálfsagt að fá vinnu með námi á Laugarvatni. Námið yrði að haldast svipað hvort sem það væri í bænum eða að Laugarvatni þar sem verklegi þátturinn væri stór hluti af náminu. Fjarnám ekki mögulegt en hægt væri að skoða skipulag með lotum sem þyrftu samt að vera lengri en styttri þótt það sé ekki eins sniðugt og staðnám.

Væri námið flutt í bæinn gæti það opnað marga möguleika, ekki bara hvað varðar íþróttufræðina, heldur nám á öllu Menntavísindasviði (kennslufræði + íþróttufræði). Þetta krefst þess að bæta þurfi aðstöðu hér en námið gæti orðið þverfaglegra milli nánast allra brauta á sviðinu.

Nemendur í Stakkahlíð eru flestir ekki nægilega meðvitaðir um að starfsemin að Laugarvatni tilheyrir sviðinu og það geri starfsemi sviðsins sundurslitnari fyrir vikið.

Laugarvatn

15 nemendur af heimavistinni

16. september

Fundurinn að Laugarvatni var haldinn í matsalnum á heimavistinni og var búið að auglýsa hann og undirbúa vel. Nemendur höfðu bara heyrt af mögulegum breytingum í gegnum

fjölmiðla og voru því virkilega ánægðir að fá heimsókn og tækifæri til að ræða þessi mál. Þau voru forvitin um af hverju þessi vinna væri í gangi og hver næstu skref væru.

Meirihluti þeirra sem mættu á fundinn voru af landsbyggðinni. Nemendahópurinn í heild skiptist nokkuð jafnt milli landsbyggðarinnar annars vegar og stórhöfuðborgarsvæðisins hins vegar.

Umræðan snerist fyrst um samfélagið að Laugarvatni, þar sem nemendur segja að ríki gott og rólegt andrúmsloft, allir séu frekar liðlegir og þetta sé góður staður til að vera á. Mikið er af framhalds- og háskólaþólki á svæðinu en þau þekki helst háskólaþólkið.

Fyrir barnafólk er svæðið og hverfið gott með góðu skipulagi. Mikil ánægja ríkir með það sem tengdist börnum nemenda. Stúdentaíbúðir eru hins vegar ekki nægilega margar. Stúdentaíbúðum hefur fækkað (þær teknar undir annað) en í staðinn hafa kennarar verið hjálplegir við að útvega húsnæði á svæðinu ásamt því að hluti nemenda, sem sækir námið frá Selfossi og nágrenni, ekur á milli daglega frekar en að búa á svæðinu vegna skorts á húsnæði.

Almennt töluðu nemendur um að lítið væri um tólmstundir og annað tengt því sem ekki snýr beint að náminu sjálfu. Erfitt væri að stunda eða æfa íþróttir af kappi.

Þau minntust á að fækkun nemenda að Laugarvatni væri eflaust í takt við uppgang HR en samt væri mikill munur á skólagjöldum. Þrjú stór atriði sem nemendur minntust á að væru forgangsaatriði og það væri að auglýsa námið betur en nú er gert, bæta almenna aðstöðu til muna og laga „ræktina“, sem væri til skammar.

Af hverju Laugarvatn?

Nemendur nefndu sem helstu kosti Laugarvatns að allir þekktu alla og það gerði námið og staðinn mjög persónulegan. Tengsl milli nemenda og kennara er góð og dæmi eru um að kennarar séu liðlegir og hjálpsamir. Aðstaðan er góð því að allt er í göngufæri og kostnaður er lægri en í Reykjavík, meðal annars leiga. Fólk þarf ekki að vakna eldsnemma á morgnana til að skafa bílinn heldur getur maður gengið allt og að sögn eins nemenda er veran að Laugarvatni „það skemmtilegasta sem þú hefur gert“ þegar spurt er um upplifunina þar.

Breytt skipulag náms vs. staðsetning

Fleiri afreksíþróttamenn myndu sennilega sækja námið ef það væri annars staðar og það myndi mögulega efla námið ef nemendur væru fleiri.

Bóklegu þættirnir gætu verið í fjarnámi og þá skapaðist jafnvel möguleiki á að taka fleiri áfanga í einu en nú er hægt. Verklegu hlutarnir þyrftu að vera í staðnámi eða lotum og eflaust væri hægt að gera meira úr því. Þetta væri alveg hægt en erfitt væri að ætlast til svo mikils af nemendum þar sem þetta gæti bitnað á félagslífinu, samheldnin gæti dvínað og fjölskyldan liðið fyrir það.

Nemendur nefndu hluti sem mætti bæta eða laga varðandi námið. Þeir töluðu um að það vantaði upp á þjálfaralínuna, eða að þjálfarar í meiðslum, uppfæra þyrfti kennsluskrána, endurskoða kennslu og valáfanga með tilliti til fjölbreytni (dæmi: boðið er upp á valáfanga í stafgöngu en enginn valáfangi þar sem lyftingar eru kenndar).

Ef námið að Laugarvatni yrði flutt í bæinn, hvað þyrfti Háskólinn að gera?

Aðstaða nemenda er aðalatriði, bæði aðstaða til náms eða búsetu. Rætt var um leiguverð á höfuðborgarsvæðinu og stúdentaíbúðir í bænum og Tanja tók að sér að svara spurningum sem það varðaði. Aðstaða til náms þarf helst að vera fullkomin eða að slík aðstaða sé í nánasta nágrenni. Að Laugarvatni hafa nemendur frían og ótakmarkaðan aðgang að

líkamsrækt, sundi og slíku sem nemendur notast við í náminu og þyrfti að vera hægt að bjóða upp á svipað í bænum. Háskólinn yrði að hefja einhvers konar samstarf við íþróttafélög um aðstöðu og hugmynd kom upp um mögulegt húsnæði og aðstöðu í Safamýrinni. Það er þægilegt svæði sem hægt væri að nýta í botn.

Ef námsbrautin yrði ekki flutt frá Laugarvatni, hvað þarf Háskólinn að gera?

Nemendur töldu að það væru í raun fleiri hlutir en færri sem þyrfti að bæta yrði náminu haldið áfram að Laugarvatni. Það er allt frá aðstöðu til skipulags námsins.

Nemendur sammæltust um að háskólinn ætti frekar að einbeita sér að aðstöðumálum yrði náminu haldið áfram að Laugarvatni. Ræktin sé of lítil og aðeins hluti tækja og búnaðar í góðu lagi. Uppfæra þyrfti því nánast allt inni í þreksal og lyftingasal í íþróttahúsinu og ekkert pláss væri fyrir teygjuaðstöðu eða til að geyma búnað eins og lóð og stangir.

Nemendurnir segja að búnaður sé ekki nægur fyrir alla þegar t.d. mælingar eru gerðar. Aðeins hluti nemenda fái að prufa og ekki allir nái að komast að í einum og sama tímanum.

Aðstaða nemenda á svæðinu mætti einnig vera skárri og var þar komið inn á gístaðstöðu. Eftirspurn eftir húsnæði væri til staðar. Eldhúsaðstaða á heimavistinni er orðin virkilega lúin og spurði einn nemandi hvort þetta væri upprunalega innréttingin.

Sóknarfæri

Nemendur vildu að meira púður yrði lagt í að auglýsa námið, hvort sem það yrði í bænum eða að Laugarvatni. Auglýsingar þyrftu ekki að vera dýrar og gæti þátttaka nemenda í þeim verið meiri. Markhóparnir væru framhaldsskólar og íþróttafélög, svipað og HR hefur lagt áherslu á.

Nemendur komu svo með þrjá punkta sem þeim fannst möguleg sóknarfæri í:

- Leiðsöguskóli: með þá náttúru sem Laugarvatn býður upp á væri hægt að þjálfa upp leiðsögufólk og hugsanlega tengja eða vinna með ferðamálafræðinni.
- Blanda saman þjálfara- og kennaranáminu: í dag er víst bara hægt að taka annað en ekki bæði. Þetta séu svið sem notist að einhverju leyti við svipaða hugmyndafræði og geti unnið vel saman.
- 1 ár bóklegt nám + 1 ár kandiátsnám: Það er eitt að lesa um hlutina og annað að gera þá. Nemendur sækjast eftir reynslu og með hraðann og síbreytilegan vinnumarkað er reynsla oft það sem vantar.

Stakkahlíð

21 nemandi úr tómsundafræði

17. september

Nemendur í tómsundafræði eru í sömu deild og nemendur að Laugarvatni. Þau höfðu margt að segja og settu umræðuna upp eins og staðsetning og breyting á náminu væru andstæðir pólur. Nemendur tóku afstöðu með og á móti og ræddu kosti og galla allra hugmynda, og hér verður tekin saman umræða þeirra.

Hugmyndum um blandað nám var tekið með varúð þar sem nemendur töldu að það yrði ekki mikill áhugi á að þurfa að fara að Laugarvatni á t.d. tveggja vikna fresti ásamt því að sjarminn við námið og staðinn myndi hverfa. Námið gæti orðið sundurslitið.

Ef námið yrði flutt undir þak Menntavísindasviðs gætu fleiri nýtt sér áfanga sem eru í boði í íþrótt- og heilsufræði ásamt því að nemendur í íþrótt- og heilsufræði gætu náð betri tengingu við t.d. kennslu- og uppeldisfræði.

Að Laugarvatni er toppaðstaða (umhverfi) sem nemendur hafa aðgang að og því þyrfti að bjóða upp á svipaða toppaðstöðu yrði námið flutt í bæinn. Og svo kviknaði spurningin hvort við myndum bara græða nemendur af stórhöfuðborgarsvæðinu ef námið yrði flutt? Ef fólk á landsbyggðinni sækir í nám sem er í boði á „landsbyggðinni“, missum við það ef námið yrði flutt?

Menntavísindasvið myndi líklegast verða öflugra svið yrði námið flutt í bæinn: fleira fólk, meira námsframboð, fleiri þverfaglegir möguleikar og sameining áfanga. Þetta þarf samt að gera vel með góðri aðstöðu þar sem battavöllur nægir ekki.

Markaðssetning námsins er gullna leiðin að fjölgun, lokka þarf fólk til að koma með í að sýna hvað við höfum, eigum og getum. Ef íþróttافرæðin væri í samstarfi við t.d. World Class væri það auglýsing fyrir það fyrirtæki og hugsanlega aðdráttarafi fyrir okkur.

Valsheimilið

5 nemendur í íþróttافرæði HR

21. september

Af þeim fimm nemendum í hópnum sem stunda nám í íþróttافرæði við HR og við hittum æfa tveir íþróttir með náminu og þrír þjálfar. Allir fóru beint úr framhaldsskóla í HR og sögðu námið hafa verið vel auglýst. Einn valdi HR eftir árs pásu eftir framhaldsskólann, eftir að hafa heyrt félagasína tala vel um námið. Þeir lýstu því meðal annars að upplifun þeirra af kynningunni á náminu að Laugarvatni á háskóladeginum hefði ekki gert mikið fyrir þá. Voru nokkuð vissir um að meirihluti nemenda í íþróttافرæði í HR væri af stórhöfuðborgarsvæðinu.

Í HR er nándin og umhverfið í náminu einn af styrkleikum skólans, allir eru sem ein heild og gott samstarf er milli kennara og nemenda. Mikil fjölbreytni er bæði í tímum og námi og mikið verklegt. Tengingunni milli þess bóklega og verklega eru oft gerð góð skil og námið er gert lifandi. Á fyrsta og öðru ári er grunnurinn lagður og á þriðja ári verður meiri sérhæfing, val um að fara nánar út í kennslu, rannsóknir eða lýðheilsu.

Það sem nemendurnir töldu að HR hefði fram yfir Laugarvatn og Keili var meðal annars að auðveldara sé að fá vinnu með námi, auðveldara að stunda áfram íþróttir eða þjálfar með námi og það að skólinn tengist vel við atvinnulífið. Þeim er boðið upp á toppaðstöðu við hverja grein sem kennd er, t.d. handbolta í Valsheimilinu, sund í Laugardalslaug og fimleika í Laugardalshöllinni, svo að eitthvað sé nefnt.

Varðandi Laugarvatn þá töldu nemendurnir að heimavistin að Laugarvatni væri nokkurs konar stöðutákn námsins. Það væri ákveðinn sjarmi og aðdráttarafi en aftur á móti ekki nauðsynlegur hluti í náminu. Allir kynnst vel í HR út af góðu utanumhaldi frá skólanum og félagslífi.

Spurðir út í staðsetningu námsins að Laugarvatni datt engum í hug að kynna sér námið og völdu því HR. Aftur á móti sögðust tveir úr hópnum hafa hugleitt að kynna sér námið í HÍ en hætt við út af staðsetningunni. Vakti er athygli á að þeir minntust ekkert á skólagjöld/skrásetningargjald/kostnað tengdan náminu.

Næstu skref – framhaldið

Sama hver niðurstaðan í þessu máli mun sviðsráð Menntavísindasviðs fara aftur að Laugarvatni til að taka betur út aðstöðu nemenda.

Biðlað er til þeirra sem koma til með að stýra þeirri vinnu sem fer fram eftir að ákvörðun hefur verið tekin, að hafa nemendur að Laugarvatni með í ráðum og hlusta eftir hugmyndum og athugasemdum þeirra. Hvort sem leitað verður eftir nýjum aðstæðum eða nýjum námsleiðum í íþrótt- og heilsufræði, þá eru nemendur að Laugarvatni uppfyllir af þælingum og hugmyndum sem geta nýst í þeirri vinnu.